



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



## Nóaborg

2019 – 2020



### Framtíðarsýn skóla- og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	5
2 Innra mat.....	8
3 Ytra mat.....	17
4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	20
5 Foreldrasamvinna.....	20
6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	22
7 Fylgigögn .....	23
7.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	23
7.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku. ....	23
7.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs.....	23



## **Leiðarljós leikskólans:**

**Leikum:** Í leikskólanum er lögð höfuðáhersla á leik barnanna

**Lærum:** Í gegnum leikinn læra börn best og því er mikilvægt að hann sé alltaf í forgrunni

**Njótum:** Það að njóta þess sem verið er að gera skilar meiri árangri á alla vegu og gildir það bæði um börn og starfsfólk.

Leikskólinn vinnur skv. aðalnámskrá leikskóla en leggur sérstaka áherslu á stærðfræði, læsi og notkun upplýsingatækni.

**Stærðfræði:** Að örva formskynjun, rökhugsun, talna- og hugtakaskilning í gegnum leik.

**Læsi:** Að hafa ritmál sýnilegt í leikskólanum og bjóða börnunum upp á fjölbreytt viðfangsefni sem tengjast læsi.

**Upplýsingatækni:** Að börn og starfsfólk kynnist fjölbreyttum möguleikum nútímatækni í leikskólastarfi með notkun tölva, spjaldtölva og annarra tækja sem tengjast upplýsingatækni.

## **Stærðfræði:**

Markmiðið er að börnin kynnist algengustu formunum og læri að þekkja þau. Yngstu börnin vinna með fá og einföld form, lögð er mikil áhersla á að leika með hugtakaskilning og tölustafirnir frá 1-5 eru sýnilegir og kynntir fyrir börnunum. Eftir því sem börnin verða eldri fjölgar formunum sem leikið er með auk þess sem leitað er leiða í gegnum leikinn til að vinna með talnaskilning barnanna. Notuð eru ýmis spil og leikir sem markvisst örva form-, talna- og hugtakaskilning barnanna. Dæmi um það eru teningaspil, minnisspil, bingó og ýmis samstæðuspil. Viðfangsefnin verða flóknari eftir því sem börnin eldast og má í því sambandi nefna að á yngstu deildinni þara börnin saman stór form á vegg á meðan börnin á þeirri elstu gera flóknar myndir úr lausum formum og fara í vettvangsferðir að taka ljósmyndir af formum í umhverfinu sem og skrá niður bók- og tölustafi sem á vegi þeirra verða.

Talnaskilningur örvast í daglegu starfi barnanna. Tölustafir eru hafðir aðgengilegir börnunum og eru víða hengdir upp. Á öllum deildunum fá börnin að leika sér með lausa tölustafi af



ýmsum stærðum. Spiluð eru teningaspil af ýmsum gerðum og farið í talnaleiki. Yngstu börnin telja líkamshluta á meðan þau elstu eru í búðarleik með verðmerktar vörur, talnagrind og peninga.

Lögð er áhersla á yfir- og undirhugtök. Hugtökin eru kynnt hlutlægt fyrir börnunum á ýmsan hátt í gegnum leik áður en farið er að vinna með þau á huglægan hátt.

Mikið af heimatilbúnu efni er til í leikskólanum sem örvar stærðfræðilæsi barna á öllum deildum.

### **Læsi**

Ritmálið er haft sýnilegt börnunum víða í leikskólanum. Leikefni er merkt með heiti og í hillunum er staðurinn fyrir leikefnið merktur þannig að hver hlutur rati alltaf á sinn stað aftur. Börnin æfa sig í að skrifa nafnið sitt og á eldri deildunum fá börnin gjarnan skriffæri til að nota í ýmsum hlutverkaleikjum. Boðið er upp á ýmis viðfangsefni þar sem unnið er með bók- og tölustafi. Í hópstarfi er m.a. unnið með ritmálið í gegnum vísur og ævintýri.

Í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar verður komandi vetur unnið þróunarverkefni sem tengist læsi.

### **Upplýsingatækni**

Sérstakt rými er í leikskólanum sem tileinkað er leik með upplýsingatækni. Þar leika börnin sér í forritun, nota spjaldtölvur í skapandi starf sem og læsis- og stærðfræðiviðfangsefni. Þar er einnig svokallað tæknisandbox en sérstakt forrit er notað og er myndavél beint að sandinum Myndavélin virkar þannig að liturinn á sandinum breytist eftir því hvort verið er að grafa holur eða byggja hóla. Allar deildir hafa auk þess a.m.k. eina spjaldtölvu og á elstu deildinni eru tvær borðtölvur. Leikskólinn hefur í tvígang tekið þátt í stóru Nordplus verkefni um upplýsingatækni í leikskóla og komandi vetur verður unnið þróunarverkefni um notkun upplýsingatækni sem styrkt er af Sprotasjóði.



Fyrst og fremst er unnið með leiðarljósin í gegnum leik barnanna. Við leikum okkur með stærðfræðina og ritmálið sem víðast í daglegu starfi leikskólans. Stærðfræðin er allt í kringum okkur og við finnum hana t.d. í gegnum fín- og grófhreyfingar, listsköpun, gönguferðir, matmálstíma, samverustundir, í fataklefanum o.m.fl. Stærðfræðileg hugsun byggir á virkri reynslu barnanna af rými, tölum og fjölda. Virkni og reynsla eru forsenda hugsunar. Með virkni sinni byggir barnið upp eigin hugmyndaheim, öðlast nýja reynslu og ýtir röngum hugmyndum til hliðar. Viðfangsefnin í leiknum þurfa því að ögra hugmyndaheimi barnsins og vera rétt ofan við getu þess. Því leggjum við áherslu á hlutbundna vinnu með viðfangsefni stærðfræðinnar og læsis. Öll börnin eru daglega í hópastarfi og/eða vali þar sem stærðfræðilæsis tengd- og upplýsingatækniviðfangsefni eru í boði og markvisst lögð inn á ýmsa vegu. Horft er til Aðalnámskrár leikskóla í þessari vinnu og því unnið með örvun allra þroskabátta.

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólastjóri var talsvert frá störfum frá sumri og fram yfir áramót af persónulegum ástæðum og kom afleysing að hluta tímabundið af þeim sökum.

Miklar breytingar urðu á allri vinnuaðstöðu bæði fyrir börn og starfsfólk þegar ákveðið var að nýta lausu kennslustofuna undir starfsmannaáðstöðu. Ástæðan fyrir því að það var gert var sú að gert var ráð fyrir fækkun barna á deildinni sem þar var og þótti ekki forsvaranlegt að hafa tæplega eitt og hálfst öðugildi á deildinni. Það hefði þýtt að einn starfsmaður væri hálfan daginn með 14 börn. Kaffistofa starfsmanna var flutt í þetta rými sem og skrifstofur leikskólastjóra og sérkennslustjóra. Þá er þar einnig aðstaða fyrir talmeinafræðing sem er í hlutastarfi og undirbúningsaðstaða sem krefst ekki notkunar á tölvu. Við þessar breytingar urðu til laus rými í aðalbyggingunni og voru þau nýtt fyrir börnin. Í salnum eru tvö kubbarými sem eru skipt með þykkum gluggatjöldum, þar sem áður var kaffistofa starfsfólks er upplýsingatæknirými, þar sem var undirbúningsaðstaða fyrir starfsfólk er nú rólegt rými fyrir börnin þar sem þau í næði geta hlustað á sögur, skoðað bækur og verið í litlum samverustundum sem oft eru nýttar fyrir málörvun. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkt rými er til staðar í Nóaborg og er gríðarlega vinsælt. Listakrókur og heimiliskrókur eru í sama rými sem kemur vel út. Þar sem skrifstofa leikskólastjóra var áður er nú betri undirbúningsaðstaða fyrir starfsfólk en þar eru nú þrjár tölvur til að vinna í. Þar sem sérkennslustjóri var er nú viðbótarrými á einni deild og til viðbótar er rými í forstofu sem hægt er að nýta í sérkennslu.



80 börn eru að jafnaði í leikskólanum og með viðbótarrýmum sem deildir skiptast á að nota er hægt að skipta barnahópnum á 13 staði. Hver deild er með tvær heimastofur og svo aðgang að einu til tveimur af viðbótarrýmum eftir stærð deildanna.

Nóaborg býr svo vel að hafa talmeinafræðing í starfsmannahópnum. Talmeinafræðingurinn hefur sinnt börnum af erlendum uppruna varðandi íslenskukennslu auk þess að aðstoða önnur börn sem þurfa inngríp varðandi framburð. Það hefur skilað mjög góðum árangri og mikil ánægja hjá börnum, foreldrum og starfsfólki.

Næst elsta deildin var töluverð áskorun síðasta vetur en mikil starfsmannavelta fram að áramótum einkenndi deildina og skapaði talsverðan óróa. Aukastarfsmaður var settur þangað inn þegar það var hægt og um áramótin komst á stöðugleiki á deildinni.

Deildarstjóranskipti urðu í tvígang á deildinni og loks um áramót komst allt í góðar skorður og hefur það haldist með góðu og metnaðarfullu starfsfólki deildarinnar.

Leikskólinn tók þátt í styttingu vinnuvikunnar á þann hátt að aðra hverja viku gat starfsfólk í fullu starfi hætt tveimur tímum fyrr. Okkur fannst það ekki ganga nógu vel því í lok dags vantaði of marga starfsmenn og okkur fannst við ekki tryggja öryggi barnanna nægilega vel. Við ákváðum þá að útfæra styttinguna þannig að fjórðu hverju viku hætti hver starfsmaður fjórum tímum fyrr en ella. Það gekk mjög vel og allir sátir en þá komu skilaboð úr Ráðhúsinu um að þessi útfærsla væri ekki leyfileg. Það varð því sameiginleg niðurstaða starfsmanna að hætta þátttöku í þessu verkefni og teljum við það óframkvæmanlegt nema til komi fjármagn sem gerir það að verkum að hægt verði að ráða inn hlutastarfsfólk á móti styttingunni.

Leikskólinn tók þátt í verkefninu „Jól í skókassa“ sjötta árið í röð en það er KFUM og KFUK sem stendur fyrir þessu átaki sem felst í því að fylltur er skókassi af ýmsum varningi sem er svo sendur til munaðarleysingjaheimila í Úkraínu. Börnin taka virkan þátt í þessu og koma með eitt og annað smálegt að heiman til að setja í skókassana. Áður en við fórum í þetta verkefni þá vorum við með jóladagatal fyrir börnin og fékk hvert barn lítinn pakka til að taka með heim. Okkur fannst þetta ekki ganga nógu vel, sumir áttu erfitt með að bíða, skildu ekki að þau fengju bara einn pakka o.m.fl. Í staðinn var ákveðið að setja upp viðburðadagatal í



desember og er það opnað daglega. Í staðinn fyrir pakka er eitthvað skemmtilegt í boði eins og að baka piparkökur, fara í bæjarferð og skoða jólaljós, gera jólaföndur, skreyta glugga o.s.frv. Þetta hefur komið sérlega vel út og við þetta skapaðist svigrúm til að taka þátt í verkefninu „Jól í skókassa“.

Í samráði við foreldraráðið var fyrir ári síðan ákveðið að bjóða upp á þann möguleika að foreldrar gætu haldið upp á afmæli barna sinna í leikskólanum fyrir leikskólavinina. Aðstæður hjá fólki eru mjög mismunandi til að taka á móti stórum hópi barna en vinsælt er að bjóða vinum úr leikskólanum í veislu. Í boði er að nýta salinn og eina deild og sjá foreldrar sjálfir um veisluna, undirbúning og frágang. Leikskólastjóri eða annar starfsmaður er þó til staðar í húsinu á meðan á veislu stendur. Þetta er þó nokkuð nýtt og er komin ákveðin rúttina í hvernig best er að hátta þessu. Það eru börn úr elsta árgangi leikskólans sem fá að halda þessar afmælisveislur enda sá aldur sem fer að bjóða vinum í afmælin sín.

Nokkuð var um gestakomur í Nóaborg, bæði erlendis frá sem og innanlands. Þá voru tveir nemar um nokkurra vikna skeið í leikskólanum en þeir koma frá Lýðháskóla í Frakklandi. Nóaborg hefur árum saman verið í samstarfi við þennan lýðháskóla og alltaf jafn gaman að taka á móti nemum þaðan.

Í boði foreldrafélagsins fengu öll börnin dansnámskeið hjá Dagnýju Björk, danskennara sem og tónlistarnámskeið hjá Þrání Árna Baldvinssyni, tónlistarmanni og sló það í gegn að venju. Síðasti danstíminn var að venju utandyra á opnum degi leikskólans og gátu foreldrar og aðrir gestir notið þess að sjá árangur námskeiðsins.

Á dagskrá utan hefðbundins starfs var m.a: heimsókn frá Slökkviliðinu, Umferðarskólanum, elstu börnin fóru í útskriftarferð í Vatnaskóg eins og undanfarin ár, foreldrafélagið stóð fyrir veglegri Sjóráningjahátíð og farið var í sveitaferð að Miðdal í Kjós. Þá var farið í heimsókn á hin ýmsu söfn, í bíó, í leikhús, svo eitthvað sé nefnt. Elstu börnin tóku þátt í Barnameningarhátíð og sungu í Hörpunni ásamt fjölda leikskólabarna á opunarhátíð Barnameningarhátíðarinnar.

Gefin var út jafnréttisáætlun fyrir 2019-2021 og var hún samþykkt með góðri umsögn frá Jafnréttisstofu. Sumt í áætluninni er í gangi alltaf en í umbótaáætlun hér á eftir verða teknir út þeir þættir sem sérstaklega fara inn í komandi vetur.



## **Nóaborg 2019-2020**

Í tengslum við menntastefnu Reykjavíkurborgar verður unnið þróunarverkefni sem tengist læsi. Nóaborg hefur lagt áherslu á leik með læsi frá árinu 1999 en þar sem mikið af nýju starfsfólki hefur komið til starfa undanfarin ár var talið nauðsynlegt að skerpa á þeim áherslupætti og verða helstu atriðin sett inn í umbótaáætlunina sem kemur síðar í þessari áætlun.

Leikskólinn fékk góðan styrk úr Sprotasjóði til að vinna þróunarverkefni um notkun upplýsingatækni í leikskólanum. Auk Nóaborgar kemur Skóla- og frístundasvið að verkefninu sem og Menntavísindasvið HÍ.

Leikskólinn stefnir að því að verða réttindaskóli UNICEF og munu tveir starfsmenn sækja námskeið því tengdu auk þess að miðla verkefninu til annarra starfsmanna

Nemar úr frönskum lýðháskóla eru væntanlegir í nóvember og aftur á vorönn eins og mörg undanfarin ár.

Þá er von á bæði innlendum og erlendum gestum að kynna sér starf Nóaborgar og hafa nokkrar heimsóknir þegar verið bókaðar.

## **2 Innra mat**

Ákveðið var að veturinn 2018-2019 myndum við einblína á þessar miklu breytingar sem urðu á allri vinnuaðstöðu síðasta haust. Okkur fannst það mikilvægasta verkefni vetrarins enda algjör umpólun á allri aðstöðu. Á starfsmannafundi í júní settust starfsmenn hverrar deildar saman, ræddu breytingarnar, kosti og galla og hvað þeir sæju fyrir sér sem næstu skref. Hér á eftir kemur samantekt þeirrar vinnu og hvernig við sjáum helstu þætti fyrir okkur veturinn 2019-2020.





### **Sólbakki – yngstu börnin:**

Starfsfólk deildarinnar var sammála því að breytingarnar voru til hins betra og starfsmannaaðstaðan væri allt önnur og betri. Kostirnir við viðbótarrýmin væru þeir að börnin kynntust öllu húsinu betur, væru ekki einangruð á sinni deild. Starfsfólk taldi einnig að þetta gæti mögulega haft jákvæð áhrif á það þegar börn væru að flytjast á milli deilda. Deildin hafði alla daga eitt viðbótarrými auk tveggja heimastofa en á deildinni voru 15 börn og þrír starfsmenn í fullu starfi. Rýmin voru mest notuð fyrir hádegið og stundum í lok dags ef ekki var skilað úti. Ástæðan er sú að öll börnin sofa eftir hádegismatinn og því nýtast viðbótarrýmin ekki á þeim tíma. Lista- og heimiliskrókur er staðsettur í hinum enda hússins og starfsfólki fannst það galli að fara í gegnum allt húsið til að komast þangað. Þá taldi starfsfólkið að erfitt væri að vera einn í rólega rýminu t.d. ef barn þyrfti nýja bleiu. Það gæti skapað vanda. Rólega rýmið er við hliðina á salnum og þar væri hægt að fá aðstoð starfsmanns ef á þyrfti. Nokkrar breytingar voru ákveðnar á viðbótarrýmum og leist starfsfólki vel á þær. Þær fólust í því að taka út annað kubbarýmið í salnum, flytja upplýsingatæknirýmið þangað og búa til rými fyrir leik með ljós og skugga þar sem upplýsingatæknirýmið var áður.

### **Ólátagarður – næst yngstu börnin:**

Á deildinni voru 15 börn og tveir starfsmenn í fullu starfi auk eins í 80% starfi. Starfsfólk deildarinnar var sammála um það að það að ná ekki þremur heilum stöðugildum vegna fámennrar deildar skapaði álagstíma í byrjun og lok dags. Deildin deilir fataherbergi með Sólbakka og þegar var verið að klæða börnin út um hávetur á sama tíma skapaði það oft áreksstur því börnin þurftu að bíða eftir að fyrsti starfsmaður varð tilbúinn til að fara út. Sólbakki og Ólátagarður deila tveimur salernum auk bleiuskipta aðstöðu en þess fyrir utan hefur Ólátagarður eitt salerni í fataherberginu. Óánægja er með þessa samnýtingu hjá starfsfólki Ólátagarðs og finnst þeim þetta of flókið kerfi og skapa óþarfa álag á þeim tímum sem salernin eru í mestri notkun. Kostirnir voru þeir að starfsfólki fannst notalegt að vera með þessa stærð af barnahópi og taldi það sig ná betur til hvers og eins barns. Kostirnir við það að deila salernisaðstöðunni voru þeir að það verða góð samskipti oft á milli barnanna á þessum tveimur deildum og á það einnig við um starfsfólkið sem kynnist betur vegna þessa. Viðbótarrýmin nýtast helst á morgnana eins og á Sólbakka vegna útiveru fyrir hádegið og svo



hvíldar eftir hádegið. Það tók tíma að komast ná rútínu í því að fara með börnin frá deildinni og í viðbótarrými m.a. vegna þess að húsið er þannig hannað að annaðhvort þarf að fara í gegnum eldhúsið eða salinn til að komast í hinn enda hússins. Ekki er í boði að ganga í gegnum eldhúsið og starfsfólkið upplifði oft að það væri að trufla þegar verið var að fara á milli svæða. Smátt og smátt vöndust þó allir á þetta og eftir því sem leið á veturinn gekk þetta betur og betur. Best gekk þegar annað kubbarýmið var í boði til viðbótar heimastofunum tveimur vegna nálægðar þess rýmis við deildina. Erfiðast gekk að nýta Lista- og heimiliskrók vegna fjarlægðar við deildina. Starfsfólk deildarinnar vildi taka annað rýmið í salnum undir heimiliskrókinn og hafa ljós og skugga í sama rými og upplýsingatækni.

### **Saltkráka – næst elstu börnin**

Á deildinni voru 24 börn fyrir áramót en 22 eftir áramót og fjögur stöðugildi. Enginn starfsmaður deildarinnar hafði verið í starfsmannahópnum fyrir breytingarnar og því ekki almennilega dómbærir á þær. Mikil ánægja var með starfsmannaaðstöðuna og þá sérstaklega það næði sem starfsfólkið hefði í kaffitímum auk þess sem rýmið væri stærra. Undirbúningsaðstaðan var talin góð. Þar sem munaskápar starfsmanna eru nú í rými sem börnin hafa aðgang að fannst starfsfólki það óþægilegt því börnin ættu það til að opna skápana. Tillaga kom um að kanna möguleikann á því að koma munaskápunum fyrir í lausu kennslustofunni þar sem önnur starfsmannaaðstaða er. Viðbótarrými eru nýtt til fulls enda barnahópurinn stór og kostur að hægt sé að skipta þeim alltaf í þrjá hópa og tvo daga í fjóra hópa þegar fjórða rýmið er í boði. Minni hávaði og allir njóta sín betur. Starfsfólkið vildi gjarnan sjá eitthvað kerfi sem gefur til kynna ef einhver deild er ekki að nota sitt viðbótarrými því þá væri hægt að bjóða öðrum deildum að nýta það í staðinn. Þá hafði starfsfólkið áhyggjur af því að hávaði á kubbasvæði gæti truflað þau börn sem eru á upplýsingatæknisvæði og vildi að lista- og heimiliskrökur væri meira nýttur undir listsköpun. Mögulega þyrfti þá að hafa rýmið eingöngu sem listakrök en ekki bjóða upp á tvennt á því svæði. Heimiliskrökur er gríðarlega vinsæll og verður oftast fyrir valinu þegar svæðið er í boði fyrir deildina.



## Skarkalagata – elstu börnin


Almenn ánægja var hjá starfsmönnum deildarinnar með nýja og mun betri starfsmannaaðstöðu. Á deildinni voru 26 elstu börn leikskólans og þrjú og hálf stöðugildi. Kostirnir við viðbótarrými voru minni barnahópar, minni hávaði, meiri tengsl við börnin auk þess sem starfsfólk taldi sig ná betur til barnanna með þessu móti. Mesta ánægjan var með að loksins sé boðið upp á rólegt rými sem og sér rými fyrir upplýsingatæknina.

Upplýsingatæknirýmið var í boði tvisvar í viku fyrir Skarkalagötu og þar var einungis í boði að fara t.d. í námsleiki í iPad. Þetta gerði það að verkum að börnin hættu að biðja um að fá að fara í iPad á deildinni og lærðu fljótt að það var eingöngu í boði þegar deildin hafði upplýsingatæknirýmið. Þyrfti að yfirfara alla iPada leikskólans, taka út öpp sem á ekki að nota og setja inn ný. Rýmin voru almennt vel nýtt meira og minna allan daginn. Það datt helst niður ef það vantaði starfsfólk. Starfsfólk deildarinnar notaði önnur rými sem voru á lausu en kallaði eftir skýrara verklagi varðandi það ef deildir væru ekki að nota sín viðbótarrými. Starfsfólki þótti umgengni um svæðin oft ekki nógu góð og vill að úr því verði bætt. Flutningur á upplýsingatæknirýminu og rými fyrir ljós og skugga lagðist vel í starfsfólkið.

Hér fyrir neðan kemur umbótaáætlun fyrir veturinn 2019-2020. Ein umbótaáætlun verður sett fram sem gildir fyrir allar deildir leikskólans þar sem verið er að vinna að ákveðnum verkefnum þvert á allar deildir sem lita mun starfið komandi vetur.



Umbótaþættir Nóaborgar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Markviss málörvun	Að innleiða Lubba námsefnið markvisst á allar deildir leikskólans	Allt starfsfólk fær námskeið frá höfundi Lubba námsefnisins á haustönn 2019.	Verkefnið stendur yfir allt skólaárið og verður hvert málhljóð tekið fyrir í tvær vikur í senn. Talmeinafræ ðingur leikskólans gerir dagatal fyrir innleiðingu málhljóðann a	Deildarstjórar, sérkennslustjóri og talmeinafræðin gur	Skráning á deildum jafnt yfir veturinn og endurmat á skipulagsdegi í júní 2020	Tras skráningarlist inn fyrir þriggja ára og eldri og Hljóm 2 fyrir elsta árganginn
	Leikið með læsi í leikskólanum	Gera ritmál sýnilegra auk þess að vinna markvissar með efni sem tengist læsi.	Leikskólastjó ri með fyrirlestur um hvernig hægt er að leika með læsi í leikskólanum Fyrirlesturinn verður á	Verkefnið stendur yfir allt skólaárið	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Skráning jafnt og þétt yfir veturinn og endurmat á skipulagsdegi í júní 2020



		skipulagsdegi í október 2019				
<b>Notkun upplýsingatækni í í leikskólanum</b>	Markviss innleiðing á notkun upplýsingatækni í leikskólanum. Hér er átt við fjölbreytta vinnu með barnahópnum sem og að vinna að því að ná betri tengingu við foreldra með notkun upplýsingatækni	Þróunarverk efni unnið skólaárið 2019-2020. Starfsfólk fái kynningu og námskeið á notkun upplýsingatækni í leikskólanum og verði þannig öruggara í notkuninni	Skólaárið 2019-2020	Aðstoðarleikskól astjóri	Hópur af menntavísindasviðið HÍ og Skóla- og frístundasviði koma að verkefninu í formi ráðgjafar og sem rannsakendur.	Matsblað útbúið sem starfsfólk getur fyllt út í lok vetrar. Lokaskýrsla verkefnisstjóra metur verkefnið.
<b>Réttindaskóli UNICEF</b>	Að Nóaborg verði réttindaskóli UNICEF	Verkefnið hefst í október með því að tveir starfsmenn sækja réttindanámskeið fyrir hönd Nóaborgar. Þá fá allir starfsmenn kynningu á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í septemberbyrjun.	Verkefnið er ekki tímasett þar sem áætlað er að það sé komið til að vera í leikskólanum	Leikskólastjóri og þeir starfsmenn sem sækja réttindanámskeiðið	Endurmat að vori 2020	Matslistar gerðir af ábyrgðarmönnum



## Viðhorfskönnun starfsmanna Nóaborgar:

Árlega gerir Reykjavíkurborg könnun meðal starfsmanna sinna sem á að mæla m.a. starfsánægju, vinnuástand, álag o.m.fl. Leikskólarnir eru svo teknir út sérstaklega og svo er könnunin brotin niður á hvern starfsstað. Þegar niðurstöður Nóaborgar eru skoðaðar og



miðaðar við síðustu könnun hefur starfsánægja aukist í leikskólanum og í sumum þáttum er verulegur munur. Starfsfólkið fékk 54 spurningar og niðurstöðurnar koma á grænu, gulu og rauðu. Gildið 5 er hæst og eru alveg nokkrir þættir sem nálgast hæsta gildi. Almennt er niðurstaðan mun betri en í síðustu könnun sem sýnir að starfsánægja hefur aukist í Nóaaborg. Þó eru nokkrir þættir sem þarf að huga betur að og rýna betur. 40 þættir koma á grænu og 11 þeirra fá gildið 4,6 eða hærra. 12 þættir koma á gulu sem er með gildi á milli 3 og 4 en af þessum 12 þáttum eru 6 þeirra rétt undir gildinu 4 og hafa hækkað verulega frá síðustu könnun. Tveir þættir koma á rauðu og er það því miður ítrekað ár eftir ár. Starfsfólk telur sig þurfa að vinna á of miklum hraða og að það hafi of mikið að gera. Niðurstaðan er nokkurn veginn sú sama og í síðustu könnun. Þessir tveir þættir koma almennt á rauðu í leikskólum borgarinnar og að mínu mati breytist þetta ástand ekki nema með endurskipulagi á verklagi, starfsmannafjölda og barnafjölda í leikskólunum. Myndin hér fyrir neðan sýnir niðurstöður Nóaaborgar samanborið við niðurstöðurnar 2018 og hafa allir þættir hækkað. Við erum mjög ánægð með niðurstöðuna í heild sinni en munum taka nokkra þætti úr könnuninni til að vinna með á komandi vetri. Þar sem nánast allir þættir eru að koma betur út en í síðustu könnun tek ég hér þjá þætti sem lækkuðu aðeins á milli ára.



Umbótaþættir Nóaborgar	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>„Ég er tilbúin/n til að takast á við breyttar vinnuaðstæður og skipulag“</b>	Að vinna með hugarfar starfsmanna gagnvart breytingum sem óhjákvæmilega eru hluti af leikskólastarfi	Fá fyrirlestur frá Kvan á skipulagsdag sem tengist því að takast á við breytingar	Haustið 2019	Stjórnendateym i leikskólans.	Endurmat verður í formi næstu starfsmanna könnunar	Niðurstaðan verði mun betri í næstu starfsmanna könnun
<b>Þessi þáttur er á grænu en hefur lækkað marktækt á milli kannana</b>						
<b>„Upplýsingastreymi er gott á mínum vinnustað“</b>	Að starfsfólk leikskólans, þar með talið stjórnendur verði duglegri að miðla upplýsingum sín í milli.	Leikskólastjóri sendir vikulega póst á foreldra og starfsfólk með ýmsum upplýsingum sem tengjast starfinu. Það þarf að hvetja starfsfólk til að nota tölvupóstinn sinn meira. Deildarstjóra fundir eru vikulega og	Haustið 2019	Stjórnendateym i leikskólans	Endurmat verður í formi næstu starfsmanna könnunar	Niðurstaðan verði á grænu í næstu könnun.



		deildarstjóra r þurfa að vera duglegri að miðla til sinna starfsmanna því sem fram fer á þeim fundum.				
<p>„Metnaður“</p> <p>Þessi þáttur er á grænu en hefur lækkað aðeins á milli ára</p>	Að auka metnað starfsfólks fyrir starfinu	Síðasta vetur var talsverð starfsmanna velta í leikskólanum sem getur haft áhrif á niðurstöðurn ar. Það þarf að einblína á styrkleika og áhugasvið hvers og eins og gefa starfsfólki tækifæri til að vinna með börnunum í styrkleikanu m og svo þarf að styrkja starfsmenn þar sem þeir eru veikari fyrir	Haustið 2019	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskól astjóri og deildarstjórar	Endurmat verður í formi næstu starfsmanna könnunar	Niðurstaðan verði betri en í síðustu könnun.





### 3 Ytra mat

Skóla- og frístundasvið framkvæmdi könnun á meðal foreldra og varð niðurstaðan ánægjuleg fyrir okkur í Nóaborg en hvetur okkur jafnframt til að halda áfram að gera gott starf enn betra. Heildarniðurstaða Nóaborgar var 4,61 af 5 mögulegum en meðaltalið var 4,54 í borginni. Allt yfir 4 er á grænu. Almennt var niðurstaðan góð fyrir alla leikskóla borgarinnar sem er jákvæð og hvetjandi niðurstaða fyrir okkur öll sem störfum á þeim vettvangi.

Niðurstöðunum var skipt niður í fjóra yfirflokka:

**Barninu líður vel í leikskólanum:** Niðurstaðan fyrir Nóaborg var þar 4,55 af 5 mögulegum.

**Tel barnið mitt vera öruggt:** Hér fékk Nóaborg töluna 4,71 af 5 mögulegum.

**Vingjarnlegt andrúmsloft:** Niðurstaðan í þessum þætti er 4,57 af 5 mögulegum.

**Skólanum er vel stjórnað:** 4,56 af 5 mögulegum.

Þegar könnunin er brotin niður í ítarlegri niðurstöður er niðurstaðan góð líka fyrir Nóaborg og fyrir það erum við þakklát. Þeir þættir sem þar skoruðu hæst miðað við aðra leikskóla í Reykjavík eru: **ánægja með stefnu leikskólans, gott viðmót og samskipti við starfsfólk, viðfangsefnin í leikskólanum eru áhugaverð, starfsandinn í leikskólanum einkennist af jákvæðni, ég fæ góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum, í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins og leikskólanum er vel stjórnað.**

Þrjár spurningar eru með gula niðurstöðu í öllum leikskólum borgarinnar: **leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins, ég hef tekið þátt í að meta framfarir barnsins og leikskólinn leitar til mín eftir tillögum og hugmyndum.** Fyrstu tveir þættirnir eru rétt undir 4 en sá síðasti er með 3,33 miðað við 3,16 í samanburði.



Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>Það þarf að skoða sérstaklega þá þætti sem eru á gulu og þar þurfa leikskólar og Skóla- og frístundasvið að vinna saman</b>	Að fá betri niðurstöður foreldra í þessum þáttum	Leikskólastjó rar og Skóla- og frístundasvið þurfa að rýna í þessa þætti og finna leiðir til að bæta þá	Haustönn 2019	Leikskólastjóri með aðstoð leikskólaráðgjaf a á Skóla- og frístundasviði	Næsta foreldrakönn un metur árangur	Að niðurstöður næstu könnunar sýni marktækan mun til hins betra

### **Starfsþróunarsamtöl og fræðsla**

Vegna mikillar fjarveru leikskólastjóra náðist ekki að hafa starfsþróunarsamtöl við alla starfsmenn en fyrirhugað er að hafa stutt starfsþróunarsamtöl við nýja starfsmenn í nóvember og svo við allan starfsmannahópinn í febrúar og mars 2020.

### **Fræðsla 2018-2019:**

Allt starfsfólk leikskólans fékk fyrirlestur um móttöku barna í leit að alþjóðlegri vernd en Nóaborg hefur verið með nokkur slík börn í leikskólanum og við töldum nauðsynlegt að fá þá fræðslu sem þurfti til að getað leyst þetta verkefni sem best hverju sinni.



Þann 7. febrúar sótti allt starfsfólk leikskólans ráðstefnu sem bar heitið; Sá sem er glaður er góður. Ráðstefnan var haldin af Skóla- og frístundasviði og tengdist mótun nýrrar menntastefnu. Mörg áhugaverð erindi voru flutt og var almenn ánægja starfsfólks með þessa hálfsdags ráðstefnu.

Á skipulagsdegi í júní fór starfsmannahópurinn og skoðaði leikskóla bæði á Selfossi og í Þorlákshöfn. Leikskólinn á Selfossi hefur unnið mikið með Lubba námsefnið sem Nóaborg er smátt og smátt að taka meira inn í starfið og leikskólinn í Þorlákshöfn hlaut á vordögum verðlaun sveitarfélagsins fyrir umhverfisstefnu sína. Báðir leikskólarnir voru mjög áhugaverðir og fékk hópurinn margar góðar hugmyndir sem eiga eftir að sjást í Nóaborg.

Þá sóttu starfsmenn ýmis námskeið og vinnusmiðjur: Vorblót um upplýsingatækni, Áfram íslenska – staða og framtíð íslenskunnar í skólum landsins, kynning á nýjum persónuverndarlögum svo eitthvað sé nefnt.

#### **Fræðsla 2019-2020:**

Leikskólastjóri fer í forystunám en allir stjórnendur hjá Reykjavíkurborg fara í þetta nám. Einn deildarstjóri er í leikskólaliðanámi. Tveir deildarstjórar fara í leiðtogaskóla fyrir deildarstjóra, tveir starfsmenn sækja í fjögur skipti lærdómssamfélagshóp Miðju máls og læsis og er viðfangsefnið mál og læsi í leikskólastarfi, allir starfsmenn fá kynningu á samskiptaforritinu Sway, starfsmenn sækja ýmis námskeið sem tengjast notkun upplýsingatækni í leikskólastarfi. Fyrirlestur um málþroska barna verður á skipulagsdegi í september. Þá munu allir starfsmenn fá í október námskeið í notkun Lubbanámsefnisins sem er málörvunarverkefni en leikskólinn leggur sérstaka áherslu á málörvun á komandi vetri. Fyrirlestur um hvernig hægt er að vinna með læsi á fjölbreyttan hátt verður á dagskrá á skipulagsdegi í október. Þá mun Ellen Calmon kynna Barnasáttmálann fyrir starfsfólki leikskólans auk þess sem Samtökin 78 munu koma með kynningu. Fyrirlestur frá Kvan um að takast á við breytingar verður á dagskrá í nóvember. Ýmis önnur fræðsla og kynning verður í boði fyrir starfsfólk sem verður boðið upp á þegar líða tekur á skólaárið.



## 4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Leikskólarnir Klambrar, Stakkaborg og Nóaborg hafa í mörg ár verið í samstarfi við Háteigsskóla og þá sérstaklega kennara og nemendur 1. bekkjar. Markmiðið er að brúa bilið á milli leik- og grunnskóla og hittast elstu börnin í leikskólunum og 1. bekkur í Háteigsskóla talsvert yfir veturinn. Hópurinn hittist allur saman á Klambratúni að hausti og vori og svo eru gagnkvæmar heimsóknir á milli þeirra allan veturinn. Háteigsskóli býður börnunum að vera eina kennslustund með 1. bekk, þau fá að heimsækja íþróttahúsið, bókasafnið og er boðið á jólaskemmtun auk samveru á sal. Hver leikskóli heimsækir svo 1. bekk og 1. bekkur kemur í heimsókn í hvern leikskóla. Í gegnum þetta frábæra verkefni kynnast elstu börn leikskólanna þriggja hvert öðru og þekkjast því aðeins þegar þau svo hittast í 1. bekk í Háteigsskóla. Þá þekkjja þau einnig börnin sem eru þá komin í 2. bekk. Börnin heimsækja einnig frístundaheimili Háteigsskóla og fá að kynnast húsinu og starfinu þar. Þetta samstarfsverkefni sem ber heitið Skilaboðaskjóðan byrjaði sem þróunarverkefni á sínum tíma og hlaut að því loknu Hvatningarverðlaun Leikskólaráðs. Það er frábært að samstarfið hefur haldið áfram og þróast en það hefur verið leitt af deildarstjóra elstu barna í Nóaborg. Nú er sá deildarstjóri hættur og á eftir að ákveða hver úr hópnum mun halda utan um verkefnið á komandi vetri. Nákvæm tímasetning heimsóknanna er ekki tilbúin en hún er nokkurn veginn eins hvern vetur. Undanfarin 11 ár hefur einn starfsmaður Nóaborgar fylgt börnunum sem fara í Háteigsskóla og er með þeim fyrstu skóladagana. Mikil ánægja er með þetta verkefni hjá börnum, foreldrum og kennurum 1. bekkjar

## 5 Foreldrasamvinna

Í Nóaborg leggjum við mjög mikla áherslu á gott foreldrasamstarf, að foreldrunum líði vel með leikskólann og finnist þau örugg með börnin hjá okkur. Stjórnendur eru alltaf til taks ef þarf og eru foreldrar hvattir til að hafa strax samband ef áhyggjur vakna. Foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu hafi þeir tíma og áhuga. Kaffi er alltaf í boði fyrir foreldra þegar þeir eru að koma með eða sækja börnin.

Fjórir fulltrúar foreldra auk leikskólastjóra skipuðu foreldraráð leikskólans síðasta vetur en skv. lögum skulu að lágmarki þrjár foreldrar auk leikskólastjóra sitja í ráðinu. Kosið er í foreldraráð á foreldrafundi í september. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í foreldraráði gefa kost á sér til starfa og ef þörf þykir skal kosið á foreldrafundi á milli þeirra sem bjóða sig fram.



Foreldraráðið skiptir hlutverkum á milli sín; formaður, ritari og meðstjórnandi. Hópurinn hittist nokkrum sinnum yfir veturinn til að ræða mál er snerta leikskólanum. Þá gefur foreldraráð umsögn um starfsáætlun og skólanámskrá en skólanámskráin er í vinnslu og verður vonandi kláruð á komandi vetri. Þá eru ýmsar breytingar á starfinu gerðar í samráði við foreldraráðið.

Nýjum foreldrum er boðið á fund í maí/júní þar sem starfið er kynnt og leikskólinn skoðaður. Þá er haldinn foreldrafundur fyrir alla foreldra í september sem jafnframt er aðalfundur foreldrafélagsins. Á þessum fundi er kosið nýtt foreldraráð, ný stjórn foreldrafélagsins og vetrarstarf hverrar deildar er kynnt.

Foreldrum er boðið upp á stutt viðtöl að hausti, fljótlega eftir að barnið byrjar í leikskólanum eða flyst á milli deilda. Lengri viðtöl eru í febrúar/mars þar sem farið er yfir ýmsa þætti er varða börnin og veru þeirra í leikskólanum. Deildarstjórar bjóða svo upp á viðtalstíma eftir þörfum allan veturinn óski foreldrar eftir því.

Foreldrafélagið Örkin hans Nóa er starfrækt við leikskólann og í stjórn félagsins eru 2-3 foreldrar af hverri deild. Allir áhugasamir foreldrar eru þó velkomnir að starfa með stjórninni og síðasta vetur störfuðu fleiri foreldrar með foreldrafélaginu en nokkru sinni áður og var það mikið gleðiefni. Stjórnin hefur formann, ritara, gjaldkera og meðstjórnendur.

Aðstoðarleikskólastjóri er fulltrúi leikskólans í stjórninni sem hittist reglulega yfir veturinn.

Foreldrar greiða 4.000 kr. tvisvar á ári í sérstakan sjóð og er sá peningur notaður í ýmsar uppákomur á vegum foreldrafélagsins. Má þar helst nefna tónlistarnámskeið, dansnámskeið, ljósmyndatöku, sjóræningjahátíð, jólasveina og gjafir á jólaball, hluta í sveita- eða fjöruferð og hluta kostnaðar við útskriftarferð elstu barnanna.



## 6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

**6. september 2019** – Ellen Calmon með kynningu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, talmeinafræðingur Nóaborgar, Anna Lís Pétursdóttir og sérkennslustjóri, Ragnheiður Sigurbjörnsdóttir með fyrirlestur um málþroska leikskólabarna. Starfsmannafundur og deildarfundir

**28. október 2019** (Háteigsskóli með vetrarleyfi) - Eyrún Ísold Gísladóttir, talmeinafræðingur með námskeið um notkun málörvunarverkefnisins Lubbi finnur málbein. Anna Margrét Ólafsdóttir, leikskólastjóri með fyrirlestur um hvernig hægt er að vinna á fjölbreyttan hátt með læsi í leikskólanum í gegnum alls konar leiki, spil og önnur viðfangsefni læsis. Deildarfundir.

**29. nóvember 2019** – Fyrirlestur frá Kvan „Jákvæð samskipti, týpur og hvaða áhrif við höfum á aðra“. Kynning frá Samtökunum 78. Leikskólinn jólaskreyttur

**2. janúar 2020** – (starfsdagur í Háteigsskóla) Staðan tekin á verkefnunum sem áhersla er á þennan veturinn og næstu skref ákveðin. Starfsmannafundur, deildarfundir.

**27. mars 2020** – erindi frá Skóla- og frístundasviði sem tengist næstu skrefum Nóaborgar varðandi menntastefnuna, starfsmannafundur, deildarfundir þar sem staðan er tekin á viðfangsefnum vetrarins.

**2. júní 2020** (starfsdagur í Háteigsskóla) Endurmat á vetrarstarfinu og áherslur 2020-2021 mótaðar.

### ***Leikskóladagatal:***

[Leikskóladagatal 2019-2020.pdf](#)

[School calendar 2019-2020.pdf](#)



## 7 Fylgigögn

- 7.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning
- 7.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.
- 7.3 Fylgiskjal 3 – Viðmiðunarblað sem starfsmenn notuðu við mat á síðasta vetri.
- 7.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Nóaborgar

Anna Margrét Ólafsdóttir  
Leikskólastjóri

31.10.19  
Dagsetning



## Fylgiskjal 1

### Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	1	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	0	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	3	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Nei	Fyrir haust 2020
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Nei	Fyrir haust 2020
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Við sjálfst. starfandi talmeinafræðinga, Heyrnar- og talmeinafæðingastöð, Greiningarstöð, Heilsugæslu.
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já	





## Niðurstöður innra mats

### Umbótaþáttur 1 frá síðasta skólaári:

*Markmið með umbótum:* Auka málörvandi efni í umhverfi barnanna.

*Aðgerðir til umbóta:* M.a. að setja vel valdar myndir á vegg í hæð barnanna og skipta út reglulega. Velja grunnorðaforða, atburðaröð í þekktum sögum, myndir úr söngtextum og fleira sem hvetur börnin.

*Tímaáætlun:* Þróa þetta á þessu skólaári.

*Ábyrgðaraðili:* Ragnheiður sérkennslustjóri í samvinnu við starfsfólk.

*Endurmat; hvenær og hvernig:* vorið 2019. Könnun og rýni.

*Viðmið um árangur:* Kennarar sjá börnin sýna myndunum áhuga og að myndirnar hvetji börnin til samskipta.

*Hvernig tókst þetta:* Ekki tókst alveg að halda tímaramma með þetta markmið en búið er að leggja af stað með það. Byrjað var að setja orðflokka upp á vegg í hæð barnanna en ekki náðist samfella í því þar sem ekki náðist að klára að vinna alla orðflokkan fyrir lok vetrar. Þessi umbótaþáttur er því enn í vinnslu og standa vonir til þess að myndablöð með orðfloknum verði útfærð og tilbúin í lok þessa árs. Markmiðið er síðan að safna þessum orðfloknum í möppu og tengja þá við áætlun um innlögn á Lubbahljóðum. Þannig yrði verkefnið sjálfbært á deildum og útskipting á orðfloknum yrði með reglubundnari hætti. Ekki hefur verið gerð könnun þar sem verkefninu er ekki lokið.

### Umbótaþáttur 2 frá síðasta skólaári:

*Markmið með umbótum:* Leiðbeinandi efni og hugmyndir um málörvun hengt á vegg fyrir kennara.

*Aðgerðir til umbóta:* Punktar um góðar leiðir og hugmyndir til að vinna með málörvun hengdar upp, t.d. við matarborð, í fataklefa, við sæti kennara í samverustund o.s.frv. Hjálpar yngri kennurum að tileinka sér færni í málörvun.

*Tímaáætlun:* Þróa þetta á þessu skólaári.

*Ábyrgðaraðili:* Ragnheiður sérkennslustjóri í samvinnu við starfsfólk.

*Endurmat; hvenær og hvernig:* vorið 2019. Könnun fyrir kennara.



*Viðmið um árangur:* Kennurum þóttu punktarnir ýta undir hugmyndaflug og hjálpa yngri kennurum að auka færni sína til að örva mál yngri barna.

*Hvernig tókst þetta:* Sérkennslustjóri og talmeinafræðingur leikskólans náðu að safna góðum punktum sem efla færni starfsmanna til málörvunar yfir veturinn. Þar sem ekki tókst að koma þessu verkefni alla leið á tímabilinu var ákveðið var að setja það upp í formi fræðslu fyrir kennarahópin í stað þess að setja þá upp á vegg. Mögulega verður það gert líka. Fræðslan var í formi fyrirlesturs á starfsdegi strax í byrjun nýs skólaárs 2019-2020 þar sem farið var yfir þróun málþroska og hugmyndum leiðir til markvissrar málörvunar í daglegu amstri leikskólans. Í kjölfar fyrirlestursins bættu þessir aðilar fræðslufni við „skjalamöppu“ í facebook hóp starfsfólks og deildu hlekkjum að gagnlegu málörvunarefni. Talmeinafræðingur og sérkennslustjóri héldu auk þessa erindi um málþroska og málörvun fyrir foreldra á foreldrafundi haustsins.

Kennarar voru ánægðir með fræðsluna og eru öruggari með færni sína til málörvunar.

Sérkennslustjóri verður var við að starfsmenn leita víðar fanga í undirbúningstíma sínum og eru meðvitaðri um þau markmið sem þeir vilja ná.

Umbótaþættir Sérkennsla	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
<b>Hvað þarf að bæta?</b>	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
<b>1</b>	Að auka myndræn skilaboð í umhverfi barnanna. Gera vinnu með námsefnið um	Myndræn skilaboð við hjá samverustun d, matarborði og í fleiri	Þróa vinnuna á þessu skólaári	Sérkennslustjóri og talmeinafræðingur í samvinnu við starfsfólk.	Vorið 2020. Samtöl, könnun og rýni.	Kennarar eru öruggir með markmið og vinna reglubundið með Lubba.



2	Lubba ( <i>Lubbi finnur málbein</i> ) markvissari.	aðstæðum, myndræn stundaskrá á öllum deildum. Starfsfólk heimsótti „Lubbaleikskóla“ í vor. Lubbanámsk eið verður haldið á starfsdegi 28. okt. 2019				Börnin kunna lög, ták og hljóð. Myndræn stundaskrá og skýringar eru sýnilegar á öllum deildum.
	Markvissari vinna með bókalestur.	Fræðsla var um lestur á starfsdegi starfsfólks í september 2019. Lesa sömu bók oft og vinna með hana á fjölbreyttan hátt. Útskýra orð og hafa myndir af orðaforða þeirra í hæð barnanna. Einnig setja lykilmyndir úr sögum í hæð barnanna til að börnin geti rakið söguna hvert fyrir annað utan lestrartíma.	Þróa þetta á þessu skólaári.	Sérkennslustjóri í samvinnu við starfsfólk.	Vorið 2020. Könnun fyrir kennara.	Kennarar upplifa aukinn áhuga á sögum í leik barnanna og heyra orðaforðann sem unnið hefur verið með.



## Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Áhersla á myndrænt í umhverfi barnanna. Starfsmenn fara til barnanna og fullvissa sig um að þau hafi náð fyrirmælum. Gefðu 10 notað. Börnin fá tíma til að tjá sig og hjálp ef þarf, t.d. hvísl í eyra. Börn sem þurfa hvatningu til að nota málið fá hana bæði á deild en líka í rólegri aðstæðum með talmeinafræðingi.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Rútína nýtt til að auka öryggistilfinningu og efla orðaforða. Börnunum kenndir frasar, t.d. <i>Viltu leika. Má ég fá meira.</i> Myndræn stundaskrá. Fataklefi, matarborð og fleiri aðstæður nýttar til að kenna orðaforða.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Kennarar hafa fengið fræðslu um hvernig gott sé að nýta allar stundir leikskóladagsins til að kenna orðaforða og dýpka hann. Þegar hægt er, er lesið fyrir styttra komin börn í litlum hópi þar sem hægt er að fara nánar í orðaforða.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Kennarar, talmeinafræðingur og sérkennslustjóri ræða gang mála reglulega. Hvernig barni gangi að leika, hlusta, segja frá. Hvort því fari fram eða standi í stað. Virkni á deild o.fl. Talmeinafræðingur skráir framfarir jafnhliða vinnu með þau börn sem þurfa mesta örvun.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orðaforði og málskilningur</li> <li>• Tjáning og frásögn</li> <li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li> <li>• Ritmál</li> </ul>	Já	Spil, lestur, leikur og daglegar aðstæður nýttar til að þjálfra og fylgjast með þróun orðaforða og málskilnings. Börnin fá tækifæri til að tjá sig og segja frá í daglegum aðstæðum. Einnig er í gangi verkefnið Barn vikunnar þar sem barnið fær ýmis verkefni í viku, tekur



<ul style="list-style-type: none"> <li>Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li> </ul>		<p>myndir í leikskólanum og heima og segir frá. Í hverri viku fylgjast þau með því hvernig aðrir gera. Styttra komin börn fá aðstoð kennara en allir segja frá með sýnum hætti.</p> <p>Markvisst er unnið með hljóðkerfisvitund hjá öllum aldri og hún prófuð hjá öllum tilvonandi skólabörnum. Unnið er markvisst með þá þætti sem þarf, bæði heima og í leikskóla í þeim hópi. Fylgst er með hvernig börnum gengur að hlusta og brugðist við þegar þarf. Ritmálið er sýnilegt á deildum. Börnin æfa sig að skrifa nafnið sitt og brugðist er við áhuga þeirra á að skrifa meira.</p> <p>Hvetjandi námsefni er í boði. Í árlegri alþjóðaviku er áhugi vakinn á mismunandi leturgerðum, t.d. með því að fá bækur sem þau þekkja í bókasafninu á arabísku, tælensku, rússnesku o.s.frv.</p> <p>Unnið er með félagslegt tungumál og látbragð og myndir notað til að styðja það. Samvinna við foreldra er nýtt til að átta sig betur á áhugamálum, tilfinningum, líðan o.þ.h. séu áhyggjur af því að barnið nái ekki að miðla því. Börnunum er hjálpað að deila hugsunum sínum með öðrum börnum nái þau því ekki.</p>
---	--	--

### Niðurstöður innra mats

Umbótaverkefni sem tengjast sérkennslu eiga líka mjög vel við málörvun tvítyngdra barna. En stórt umbótaverkefni fyrir málörvun þessa hóps, sem ekki komst inn í skólanámskrá var ráðning talmeinafræðings til að sinna markvissri þjálfun þessa hóps í samvinnu við foreldra og veita kennurum ráðgjöf.



Umbótaþættir Annað móður. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðarað ili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur	
1	Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýni hópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Að fjölga orðunum sem börnin heyra í daglegu amstri	Fyrirlestur Önnu Lísu talmeinafræðings og Ragnheiðar sérkennslustjóra um málþroska og málörvun í daglegu starfi á starfsdegi í september 2019. Starfsfólk var hvatt til að setja orð á allt og tala mikið við og í kringum börnin, ekki síst þau sem ekki hafa mikið frumkvæði að samskiptum. Starfsfólk var hvatt til að nota aðferðina „Gefðu 10“ til að eiga markvissari samskipti við öll börnin.	Byrja strax eftir starfsdaginn og þróa þetta á þessu skólaári.	Sérkennslustj óri og talmeinafræ ðingur í samvinnu við starfsfólk.	Vorið 2020 Könnun og rýni.	Tvítyngd börn eiga sterk tengsl við starfsmenn og finna til öryggis. Kennarar upplifa framfarir hjá þeim. TRAS og HLJÓM-2 sýna góðar framfarir hjá þessum hópi barna.	



**Starfsáætlun 2019 – 2020**  
**Leikskólinn Nóaborg**

**Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

Alma Sigurðardóttir

Brynjar Gunnarsson

Dagbjört Hákonardóttir

Oddný Sturludóttir

**Um starfsáætlanir leikskóla**



Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.





## **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## **Umsögn foreldraráðs:**

Foreldraráð leikskólans Nóaborgar hefur yfirfarið starfsáætlun Nóaborgar 2019-2020 og veitir hér með umsögn samkvæmt 11. gr. leikskólalaga nr. 90/2008.



Foreldraráð hefur fundað með leikskólastjóra og átt gott og jákvætt samstarf með leikskólanum. Almenn ánægja er með starfsáætlunina enda er markmiðasetning skýr og gert ráð fyrir að stöðugt sé unnið að því að bæta starfið þar sem ábendingar þar um hafa komið. Er það von foreldraráðsins að leikskólastjóri og starfsfólk fái allan nauðsynlegan stuðning frá Reykjavíkurborg til að starfið á leikskólanum haldi áfram að vera gott og ekki síst að starfsfólk sé ánægt í starfi til að viðhalda stöðugleika í starfsmannahópnum. Starfsáætlunin ber þess vitni að vellíðan barnanna kemur fyrst og að unnið er markvisst að þeim atriðum sem lagt er áherslu á, þ.e. stærðfræði, læsi og upplýsingatækni.

